

LÖG
**um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „sbr. þó 4. gr. a“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: og 3. mgr. 13. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 3. mgr.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn sæðis á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta sæðið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða Matvælastofnun (yfirdýralækni) telur smitsjúkdómahættu af sæðinu af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið og eyða sæðinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Bjarnason.

A-deild – Útgáfud.: 28. desember 2009